




Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið




Starfsáætlun Garðaborgar

2023 – 2024



Framtíðarsýn Skóla- og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	4
1 Greinargerð leikskólastjóra.....	4
2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023.....	7
3 Innra mat Vesturdeildar – og Austurdeildar.....	11
5 Innra mat – fjölyngd börn.....	13
6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla	14
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	14
8 Foreldrasamvinna	14
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal	15
10 Fylgigögn	15
10.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal.....	15
10.2 Fylgiskjal 2 – Öðruvísí dagar í Garðaborg.....	15
10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs.....	15



Leiðarljós leískólans

Í starfi okkar leggjum við áherslu á lýðræði, vináttu og efnivið.

1 Greinargerð leískólastjóra

Nýtt skólaár 2022-2023 hófst með hefðbundnum hætti og aðlögun nýrra barna gekk vel samkvæmt áætlun og tilhlökkun var fyrir komandi vetrí.

Fljótlega komu fram breytingar um haustið, en bæði leískólastjóri og sérkennslustjóri létu af störfum 1. október 2022. Ráðinn var leískólastjóri til afleysingar í þrjá mánuði, á meðan unnið yrði að framtíðarákvörðun Garðaborgar. Sá leískólastjóri var einnig leískólastjóri í Kvistaborg og rak því tvo skóla samtímis. EKKI TÓKST AÐ RÁÐA INN NÝJAN SÉRKENNSLUSTJÓRA FYRR EN UM MIÐJAN JANÚAR 2023. Á sama tíma, eða haustið 2022, fór aðstoðarleískólastjóri í leyfi og taka þurfti á starfsmannaráðningum sem ekki höfðu skilað tilætluðum árangri. Það gekk illa að ráða hæft og gott framtíðarfólk og mikil óvissa og álag fylgdi því. Ofan á það fengum við staðfest að mygla væri í húsnæði Garðaborgar, sem hafði áhrif á starfsumhverfi, bæði barna og starfsmanna og í hönd fór vinna við að finna okkur annan samastað og við að undirbúa flutning leískólans í betra húsnæði.

Við fluttum starfsemina, í Brákarsund 1, 104 Reykjavík um miðjan janúar. Nánast öllu var hent og við byrjuðum á nýjum stað, að byggja upp starfsemi Garðaborgar. Við fengum ýmsa hluti úr hreinsun en þurftum að endurnýja margt. Leískólinn var lokaður vegna flutninga í two daga, fimmtudaginn og föstudaginn 12. og 13. janúar. Við buðum upp á opnið hús fyrir börn og foreldra sunnudaginn 15. janúar, svo allir gætu skoðað nýju húsakynnin áður en við opnuðum mánudaginn 16. janúar. Opnunin gekk vel en auðvitað var ekki allt komið, en nóg til þess að geta haldið áfram. Næstu dagar, vikur og mánuðir fóru í það að koma sér betur fyrir og taka á móti því sem barst okkur úr hreinsun næstu vikurnar á eftir.

Þessu fylgdi álag, því er ekki hægt að neita, en við stóðumst það ágætlega. Upphaflega áttum við aðeins að vera í Brákarsundi til ágúst 2023, en mars/apríl 2023 kom í ljós að dvölin þar yrði lengri en til stóð og er núna er talað um nóvember 2024. Það breytti stöðunni töluvert hjá okkur, við höfðum komið okkur fyrir með skammtímasjónarmið í huga, en núna var ljóst að við þyrftum að koma okkur enn betur fyrir húsnæðinu og stendur sú vinna enn yfir. Þetta hafði einnig þau áhrif að flutningur barna í aðra leískóla jókst og við urðum vör við aukna starfsmannaveltu. Vegalengd og fjarlægð frá rótunum hefur áhrif á svona litla einingu eins og Garðaborg. Foreldrar og starfsmenn sem gengu áður í Garðaborg, voru núna meira háðir samgöngum með strætó eða einkabil og hvorugt gekk almenninglega upp.

Við byrjuðum veturninn með 48 börn. Þrjú hættu þegar skólinn flutti í Brákarsund um áramótin og önnur hættu við upphaf grunnskólagöngu eða fengu flutning í annan leískóla um sumarið. Núna í haust 2023 voru því 29 börn eftir frá síðasta vetri og við höfum innritað inn 11 börn og stefnum á að vera með 40 börn í vetur. Það hentar þeim aðstæðum sem við erum í núna og því erum við að fækka um 8 börn.

Í febrúar 2023 var skólinn 40 ára, við héldum ekkert sérstaklega upp á afmælið. Planið var að gera það um haustið þegar við flyttum til baka, sem svo breyttist. Við eignum því enn eftir að halda upp á afmælið, það verður gert þegar við flytjum til baka.

Samsetning barnahópsins var fjölbreytt, og áskoranir margbreytilegar sem kröfðust faglegrar þekkingar og stöðuleika í starfsmannahópunum sem erfitt var að uppfylla öllum stundum.



Nýr aðstoðarleikskólastjóri kom í afleysingar í maí 2023, en þá hafði skólinn verið án aðstoðarleikskólastjóra hátt í 7 mánuði.

Í A-hluta menntasefnunnar völdum við að innleiða „Lubbi finnur málbein“ og hélt sú innleiðing áfram síðasta vetur.

Í B-hluta menntastefnunnar vorum við í samfloti með þremur öðrum skólum. Garðaborg var boðið til þátttöku af Menntavísindasviði, að taka þátt í efla stærðfræði í námsumhverfi barna og við fengum 4.000.000 kr. í sameiginlegan styrk. Megin markmið með verkefninu er að starfsmenn leikskólanna fái tækifæri til að styrkja sig sem fagmenn í að greina hugmyndir ungra barna um stærðfræði og hvernig styðja má við þær í leikskólanum. Við fengum fræðslu inn í skólann og gátum sótt námskeið. Stærðfræðin er út um allt og við unnum í því að sjá það í daglegu starfi. Afraksturinn má meðal annars sjá á stærðfræðiveggnum, þar sem kennarar hengdu upp stærðfræðitengd viðfangsefni barna í frjálsum leik. Verkefninu er ekki lokið.

Víkin, elstu börnunum er boðið í hreyfistundir í Víkinni, hjá íþróttafélagi Víkings. Við tókum þátt í því verkefni fyrir áramót, en það datt alveg niður eftir flutninginn í Brákarsund á vorönninni. Núna í veturn höfum við pantað litla rútu til að ferja okkur í Víkina.

Kakó í garðinum, var yndisleg stund með foreldrum, börnum, starfsmönnum og jólasveinum. Það var mjög dýrmætt að geta boðið foreldrum að mæta að nýju á þessa hlýlegu hefð okkar í Garðaborg. Þetta var síðasta sameiginlega samveran sem við áttum áður en við yfirlögum húsnæðið.

Öskudagur, var haldinn hátíðlegur, en þó með breyttu sniði. Venjulega hafa börnin útbúið sinn búning sjálf fyrir daginn, en vegna flutninga og myglu, bá áttum við engin efni til að vinna úr. Við brugðum á það ráð að kanna bæði í starfsmanna og foreldrahópnum, hvað við ættum að gera í staðinn og spurt var hvort við ættum að hafa náttfatadag, grímubúiningadag eða bæði. Búningadagur varð fyrir valinu, en það var mikill meirihluti sem valdi það, en einnig var mjög vinsælt val að bjóða upp á bæði. Það var því niðurstaðan að bjóða upp á bæði náttfatadag og eða búningadag. Að öðru leyti var dagurinn hefðbundinn. Börnin gengu sýningarpallinn og sögðu frá búningnum sínum, boðið var upp á ball og börnin skemmtu sér fram eftir degi.

Útskrift var í júní, en frá okkur fóru tíu börn í grunnskóla. Börnin sungu fyrir foreldra sína og við áttum notalega stund saman með fjölskyldum barnanna.

Sumarhátíð, var ekki haldinn á þessu sumri, bæði vegna veðurs og annars álags. Við freistuðum þess að færa sumarhátíðina aftur síðsumars, ágúst/september en þá var staðan síður betri hjá okkur og úr var að fresta henni alveg þar til betur stæði á hjá okkur.

Síðasti veturnar var ekkert líkur því sem við eigum að venjast, vegna ytri aðstæðna. Við vorum meira í núinu, takast á við hversdaginn, með öllum þeim uppákomum og gleðistendum sem lífið bauð upp á. Reksturinn snérist oft á tíðum að tryggja opnun og þjónustu við foreldra, tryggja öryggi barna og starfsmanna. Ásamt því að takast á við flutninga skólans með öllu því sem tilheyrði. Vonir og væntingar voru meiri, en stundum kom sá tími sem aðeins var hugsað um líðandi dag. Allir lögðu sig fram við að halda reglu í daglegu skipulagi, til að tryggja vellíðan og öryggi barnanna.

Garðaborg sendi ekki frá sér starfsáætlun fyrir síðasta skólaár, og vegna þess og ýmissa ytri þáttta sem tíundaðir hafa verið hér á undan, gerðum við ekki sértakt innra endurmat á vetrinum eins og gefur að skilja. Við höldum þó áfram okkar vegferð, að byggja upp og efla Garðaborg í fyrra horf.

Starfsmannahópurinn, hér fyrir neðan gefur svo á að líta fjölda starfsmanna og starfsheita í Garðaborg næsta skólaár. Að auki eru 4 starfsmenn í tímavinnu hjá okkur í veturn og vinna með námi



og einn starfsmaður kemur frá Matartímanum. Tveir starfsmenn með aðra háskólamenntun stunda meistaránám í sérkennslufræðum við háskólann á Akureyri.

Fagmenntun starfsmanna	Stöðugildi 2023- 2024	Fjöldi starfsmanna 2023-2024
Leikskólakennrarar	4,1	5
Háskólamenntun á uppeldissviði	1,85	2
Önnur háskólamenntun	1,9	2
Starfsmenn	5,2	7
	13,05	16

Skólaárið 2022-2023

Fjórtán starfsmenn hættu á skólaárinu sem sýnir mikla starfsmannaveltu, stuttan ráðningartíma og endurspeglar einnig hversu ráðningarmarkaðurinn er þungur. Einn af þessum fjórtán sem hættu hjá okkur hóf aftur störf á skólaárinu. Einn starfsmaður fór í fæðingarorlof og er mættur aftur til starfa og telur ekki með í heildartölunni

- Tveir starfmenn voru komnir að starfslokum,
- Fimm voru aðeins tímabundið ráðnir m.a. nemar til skamms tíma og því viðbúið að það yrðu breytingar á starfsmannahópnum,
- Einn starfsmaður var láttinn fara á reynslutíma
- Fimm hættu störfum og fóru í önnur störf, þrír af þeim voru með tímabundna ráðningu.



2 Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2022-2023

Innra mat – átti ekki við

Ytra mat

Hvað var metið?	Hvernig fór matið fram?	Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)
Foreldra-könnun	Könnun send á alla foreldra	Foreldrar	Sjá samantekt hér fyrir neðan.
Starfsmanna-könnun	Könnun send á alla starfsmenn leikskólans	Starfsmenn	Svarhlutfall 37%. Niðurstöður jákvæðar í samanburði við Reykjavík og skóla- og frístundasvið. Alltaf svigrúm til bætingar og betri svörun. Sjá á bls. 9

Nánar um foreldrakönnun Garðaborgar 2023

Svarhlutafall 88,4%, einkunnargjöf frá 0-5. 4-5 er grænt, 3-3,9 er gult, 0-2,9 er rauft.

Við förum alltaf sameiginlega yfir niðurstöður foreldrakannanna á starfsmannafundi. Þær eru mikilvæg endurgjöf og gefa okkur miklar vísbindingar um samband okkar við foreldra. Allir vilja gera vel og skora sem hæst það er alltaf markmiðið hjá okkur.

Niðurstöður sýna að ánægja foreldra hefur dalað á milli ára í Garðaborg. Foreldrar hafa ekki farið varhluta af þeim breytingum sem við höfum gengið í gengum síðastliðið skólaár og ásamt því að hafa flutt skólann, þá tókumst við á ýmsar áskoranir í rekstrinum og það væri hreinlega skrýtið ef það kæmi ekki fram í svörum foreldra. Í stuttu máli þá hafa flest allir liðir fallið niður. Við stöndum þó enn á grænu í mörgum liðum, en það eru gulu súlurnar sem við ætlum að einbeita okkur betur að ásamt því að við viljum sjá allar súlur hækka í næstu könnun.

Við fengum einnig opin svör sem oftast nær var hrós til starfsmanna sem lýsir yfir ánægju með starfið og starfsmenn, og það yljar öllum. Foreldrar notuð tækifærið og létu óánægju sýna með tafir á framkvæmdum í ljós. Það kom einnig fram að foreldrar óskuðu eftir upplýsingum um einstök mál og til að svara því, er aðeins hægt að upplýsa um mál ef viðkomandi aðili á hlutdeild í málinu. Þarna spilar persónuvernd stórt hlutverk, en við hvetjum foreldra til að hafa samband við deildarstjóra / leikskólastjóra ef eitthvað liggar þeim á hjarta og við reynum að upplýsa eins vel og við mögulega getum og megum.

Markmið fyrir næstu tvö skólaár verða:

Foreldrar og starfið,

Við munum finna leiðir hvernig við getum unnið með eftirfarandi þætti:



1. hvernig við getum tekið betur við ábendingum foreldra, og
2. hvatt foreldra meira til þátttöku í leikskólastarfinu.
3. hvernig við getum gefið foreldrum ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið
4. hvernig við getum upplýst foreldra betur um framfarir barnsins.

Stjórnun og stefna leikskólans

1. Markvist unnið með stefnu og markmið leikskólans
2. Bæta aðbúnað leikskólans
3. Sýnilegir stjórnendur

Spurni ng- Flokkur	Foreldrakönnun 2023	Hlutfall sam mál a	Hlutfall hvorki né	Hlutfall ósam mál a	Hlutfall sam mál a stelpna	Hlutfall sam mál a stráka	Hlutfall sam mál a í Reykjavík	Hlutfall sam mál a - fyrri könnun
					Hlutfall sam mál a	Hlutfall sam mál a stráka	Hlutfall sam mál a í Reykjavík	Hlutfall sam mál a - fyrri könnun
Barnið fær tækifær í leikskólastarfi síns leikskóla að skapa verk/verkefni frá grunni...	88,5%	11,5%	0,0%	88,9%	88,2%	87,3%	78,1%	
Barnið hefur aðgang að skapandi efnivið til að vinna verkefni í leikskólanum	93,1%	3,4%	3,4%	100,0%	90,0%	93,3%	85,3%	
Barnið mitt á góða félaga/aðlagast vel í barnahópnum	94,6%	2,7%	2,7%	100,0%	91,7%	92,3%	91,4%	
Barnið mitt tekur stöðugum framförum í leikskólanum	100,0%	0,0%	0,0%	100,0%	100,0%	93,6%	97,1%	
Barninu mínu líður vel í leikskólastarfinu	94,6%	5,4%	0,0%	100,0%	91,7%	96,2%	91,7%	
Ég er ánægð(ur) með samskipti og viðmót starfsfólks við barnið	88,2%	2,9%	8,8%	83,3%	90,9%	94,2%	88,9%	
Barnið og starfið								
Leikskólastarfinu er lögð áhersla á að efla sjálfræstraust barnsins	84,4%	9,4%	6,3%	91,7%	80,0%	89,9%	90,3%	
Starfsfólkid stýður barnið mitt vel í leikskólastarfinu	86,5%	8,1%	5,4%	92,3%	83,3%	95,6%	97,2%	
Starfsfólkid bekkir þarfir barnsins míns	88,9%	11,1%	0,0%	84,6%	91,3%	94,7%	91,7%	
Ábendingum mínum er vel tekið	71,0%	12,9%	16,1%	54,5%	80,0%	77,0%	89,3%	
Ég fai greinargóð svör við spurningum mínum um leikskólastarf	84,2%	5,3%	10,5%	84,6%	84,0%	85,8%	91,4%	
Ég get fengið ráð um uppeldi, heilsu, samskipti eða annað sem snertir barnið mitt í leikskólanum	48,6%	32,4%	18,9%	53,8%	45,8%	67,4%	65,6%	
Ég hef tekið þátt í meta framfarir barnsins	47,4%	18,4%	34,2%	61,5%	40,0%	64,3%	41,2%	
Foreldrar								
Leikskólinn heldur mér vel upplýstum um framfarir barnsins	52,6%	21,1%	26,3%	69,2%	44,0%	72,3%	60,0%	
Leikskólinn hvetur foreldra til þátttöku í leikskólastarfinu	56,8%	16,2%	27,0%	53,8%	58,3%	69,0%	48,6%	
Leikskólinn leitar til foreldra eftir tillögum og hugmyndum	48,5%	24,2%	27,3%	46,2%	50,0%	40,2%	21,2%	
Ég er ánægð(ur) með stefnu leikskólans	86,2%	10,3%	3,4%	81,8%	88,9%	87,8%	75,9%	
Ég bækki stefnu/áherslu og gildi leikskólans	68,6%	17,1%	14,3%	66,7%	69,6%	80,8%	62,9%	
Leikskólanum er vel stjórnad	85,3%	2,9%	11,8%	91,7%	81,8%	89,6%	87,5%	
Stefna og stjórnun								
Markvisst er unnið með stefnu og markmið leikskólans	82,8%	13,8%	3,4%	81,8%	83,3%	84,0%	77,8%	
Mér finnst aðbúnaður barna í leikskólanum góður	78,9%	10,5%	10,5%	76,9%	80,0%	85,5%	91,7%	
Stjórnendur eru til staðar í daglegu starfi	80,0%	6,7%	13,3%	75,0%	83,3%	89,1%	88,2%	
Viðfangsefnin í leikskólanum eru áhugaverð	81,8%	12,1%	6,1%	100,0%	72,7%	91,3%	73,5%	
Upplifun af leikskólanum								
Ég fai góðar upplýsingar um hvað er á döfnni í leikskólanum	78,9%	7,9%	13,2%	84,6%	76,0%	89,4%	82,9%	
Ég get mælt með leikskólanum við aðra foreldra	85,7%	5,7%	8,6%	91,7%	82,6%	90,9%	90,9%	
Ég tel barnið mitt vera öruggt í leikskólanum	91,9%	5,4%	2,7%	100,0%	87,5%	95,8%	94,4%	
Starfsandinn í leikskólanum einkennist af jákvæðni	82,9%	5,7%	11,4%	83,3%	82,6%	92,7%	85,3%	
Það ríkir notalegt og vingjarmlegt andrúmsloft í leikskólanum	88,6%	8,6%	2,9%	91,7%	87,0%	95,1%	91,4%	
Pegar á heildina er lítið, er Ég ánægð(ur) með leikskólanum	87,9%	0,0%	12,1%	90,9%	86,4%	93,3%	83,3%	

Barninu líður vei í leikskólanum

4,49^{4,60}

Vingjarnlegt andrúmsloft

4,31^{4,59}

Heildaránaegja með leikskóla

4,09^{4,50}

Tel barnið mitt vera öruggt

4,43^{4,60}


Skólanum er vel stjórnad

4,06^{4,35}

Grænu tölurnar eru fyrir árið 2023, en minni svörtu tölurnar eru úr fyrri könnun.

Starfsmannakönnun Yfirlitsmynd

Helstu niðurstöður - Samanburður þátta við Reykjavíkurborg og starfsstöðvar á sama sviði



Umbótaáætlun leikskólans 2023-2024

UMBÓTA- ÞÁTTUR/ MATS- ÞÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig og hvenær metið/aðferð ir?	Viðmið um árangur
Stjórnun							
Upplysingafleði	Bæta upplýsinga- flæði	Allir starfsmenn noti Workplace. Fundargerðir settir inn á WP	Leikskólastjóri og stjórnenda- teymi	Sept. 2023	Júní 2024	Skipulagsdagar og starfsmannasamtöl. Umræðumat og eftirfylgni	Að allir starfsmenn noti Workplace, Workchat og vinnunetföng.
Uppeldis- og mennta-starf							
Samræma vinnubrögð	Skrifa námskrá	Fraðsla, greining á gögnum.	Leikskóastjóri og stjórnenda- teymi	Jan.	Júní 2024	Umræður og spurningalistar	Drög að námskrá
Mannauður/ Leikskóla-bragur							
Styrkja starfs- mannabrag	Auka vellíðan starfsmanna	Fraðsla og umræður. Náms- og kynnisferð vorið 24	Leikskólastjóri og stjórnenda- teymi	Sept.	Júní	Umræður, fræðsla	Sjá hækjun í ánægju og vellíðan í starfsmanna- könnun vorið 2025
Innra mat							
Stærðfræði í leik barna	B- hluti mennta- stefnunnar, þróunarstarf með mennta- víssindasviði	Fraðsla	Stjórnenda- teymi	Sept. 2022	Maí 2024	Umræðumat – skýrsla	Aukin meðvitund starfsmanna um stærðfærði í leik barna. Stærðfærði horn



3 Innra mat Vesturdeildar – og Austurdeildar

UMBÓTA - þÁTTUR/ MATS- þÁTTUR	Tæki- færi til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Lubba- stundir	Að vera með eina stund í viku fyrir hvern hóp og setja bein upp á vegg	Sett inn i vikuskipulag. Einn kennari tekur að sér að skipta um bein og setja á vegginn. Hljóðakassar Lubba útbúnir.	Hópstjórar sem og aðrir starfsmenn. Einn ákveðinn starfsmaður heldur utan um skipti á stöfum/beinum.	Sept.	Maí	Skráð í dagbók hvernær Lubbastundir voru unnar. Samræðumat á deildarfundum og dagbækur	Að áætlun standist og að Lubba- stundir séu ánægju- legar
Sam- vinna á milli deilda	Sameigin- leg söngstund einu sinni mánuði		Deildarstjórar	Sept.	Maí	Skráð í dagbók. Umraðumat á deildarfundum	Að áætlun standist og ánægju- legar söngstun dir



Innra mat sérkennslu

Mat á sérkennslu 2022-2023

Skipulagning sérkennslu 2022-2023 Hvernig var sérkennslan skipulögð, var haft í huga menntun án aðgreiningar. Hvernig var skráningu hártað, t.d. í hópastarfi, einstaklingskennslu o.fl. ?	AEPS var notað við markmiðasetningu og unnið með einstaklingskennslu sem og hópastarf fyrir málörvun.
Hvaða matsgögn voru notuð? Hér er vísað í TRAS, AEPS, Hljóm-2 og fl.	Hljóm-2 (5 ára) og EFI-2 (3 ára) var lagt fyrir börnin. íslenski smábarna- og þroskalistinn og TRAS eftir atvikum.
Hvaða námsefni var notað? Voru t.d. notað aðkeypt námsgögn?	Leikfni, bækur/myndir og spil skólans

Umbótaáætlun sérkennslu 2023-2024

UMBÓTAÞÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Að- gerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Hljóm-2, enginn starfsmaður er með Hljóm2 réttindi í skólanum.	Að Hljóm-2 verði tekið á öllum elstu börnum skólans	Sérkennslu- stjóri fari á námskeið í Hljóm2	Sérkennslu- stjóri	Nóv	Maí	Farið yfir skráningar og einstaklings- námskrár bættar og betri upplýsingargjöf til foreldra	Niðurstöður í foreldrakönnun sýni betri og jákvæðari svörun
Einstaklings- námskrár	Virkja ítarlegri markmiðsetningu í einstaklings- áætlun barna	Halda teymisfundí á 6-8 vikna fresti	Sérkennslu- stjóri	Nóv	Maí	Farið yfir skráningar og umræðumat um niðurstöður	Halda áætlun



5 Innra mat – fjöltyngrd börn

Mat á málörvun og virkri þáttöku fjöltyngrd barna 2022-2023

Hvernig er fjármagni sem úthlutað er til leikskólangs vegna fjöltyngrd barna ráðstafað?	Fjármagn nýtt upp í laun verkefnastjóra fjölmennningar
Er markviss vinna með daglegan orðaforða (grunnorðaforða)? Á hvaða hátt? Er t.d. verið að vinna með Gefðu 10?	Fyrir þau börn sem eru með stuðning og eru fjöltyngrd er unnið með gefðu 10. Markviss kennsla í einstaklingsþjálfun.
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna? Á hvaða hátt? Eru t.d. les- og samverustundir nýttar til þess að dýpka orðaforða barna?	Gefðu 10 er notað með öllum fjöltyngrum börnum. Þau börn sem eru fjöltyngrd og með stuðning fá auk þess einstaklingskennslu í íslensku bæði inn á deild sem og í vinnustundum. Lubbi og orðskýringar í lestri bóka. Samverustundir á hverjum degi, lesið, spjallað og tungumálið notað markvisst.
Er fylgst með framförum fjöltyngrd barna í íslensku? Á hvaða hátt? Eru t.d. notuð matstæki, gerðar einstaklingsáætlanir eða annað?	Hæfnirammar virkjaðir Efi – 2 fyrir 3 ára börn, og Hljóm-2 fyrir 5 ára börn.
Er hugað að öllum þáttum máls og virkri þáttöku barnanna? Þættir máls: orðaforði og málskilningur; tjáning og frásögn; hlustun og hljóðkerfisvitund; ritmál; félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar og löngun.	Já við notum fjölbreyttar leiðir í starfinu til þess að efla tjáningu.

Umbótaáætlun –fjöltyngi 2023-2024

UMBÓTAPÁTTUR/ MATSPÁTTUR	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Markvissari íslenskukennsla	Innleiða hæfni- ramma og Gefðu 10	Fræðsla	Verkefnastjóri og deildarstjórar	nóv.	maí	Umræðumat á deildarfundum	Að verkfærin séu notuð



6 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla

- Hefðbundin starfsþróunarsamtöl féllu að mestu niður á liðnu leikskólaári. Vegna mikils álags og breytinga í umhverfi og rekstri Garðaborgar, var farin sú leið að gera úttekt á líðan starfsmanna og var það framkvæmt af ytri aðila. Úrvinnsla fer fram næsta skólaár. Eiginleg starfsmannasamtöl/örsamtöl við næsta yfirmann fara fram eftir áramót. Þau eru tekin bæði af leikskólastjóra og deildarstjórum.
- Skipulagsdagar voru nýttir í fræðslu, stærðfræði með ungum börnum fyrirlestur fluttur af Margréti Sigríði Björnsdóttur og fyrirlestur um „Að mæta erfiðri hegðun í leikskóla: fyrirbyggjandi aðferðir“ sem haldið var af Lilju Ýr Halldórsdóttur
- Að auki höfum við sótt ýmis námskeið sem snúa að sérkennslu, eins og APES og hljóm-2, Efi-2, Tras, börn með einhverfu frá greiningarstöðinni svo eitthvað sé nefnt

7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Samstarfið er hefðbundið, við mætum alltaf þegar Breiðagerðisskóli býður elsta árganginum okkar í heimsókn. Vegna fjarlægðar í dag, hefur dregið úr samstarfi.

8 Foreldrasamvinna

- Í Garðaborg er virkt foreldrafélag og foreldraráð sem standa að ýmsum uppákomum og viðburðum í samstarfi við skólann. Foreldrafélagið hefur styrkt „kakó í garðinum“ í desember með jólasveinaheimsókn og ein leiksýning var sýnd í desember, „Grýla og jólasveinarnir“
- Eitt foreldraviðtal er í kringum afmælisdag barnsins, þess utan er alltaf hægt að óska eftir samtali á báða bóga ef þurfa þykir.
- Morgunfundir fyrir hvora deild var haldin í október, þar sem farið var yfir efni og verkefni vetrarins.
- Aðalfundur foreldrafélagsins, kvölfundur, var haldinn í nóvember 2022.
- Nývistunarfundur, fyrir nýja foreldra í september 2023.
- Auka foreldrafundur var haldinn í desember 2022 í Borgartúni, varðandi myglu og flutning á rekstri Garðaborgar. Sá fundur var á vegum Skóla- og frístundasviðs og umhverfis- og skipulagssviðs.
- Stjórn foreldrafélagsins- og ráðsins, hefur misst marga fulltrúa vegna flutninga barna í aðra leikskóla.



9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

- miðvikudagur 27. september
- föstudagur 24. nóvember (sameiginlegur í hverfinu)
- þriðjudagur 23. janúar (sameiginlegur Breiðagerðisskóla)
- miðvikudagur 24. apríl (fyrirhuguð námsferð, birt með fyrirvara)
- föstudagur 26. apríl (fyrirhuguð námsferð, birt með fyrirvara)
- föstudagur 17. maí (sameiginlegur í Reykjavík)

10 Fylgigögn

10.1 Fylgiskjal 1 – Skóladagatal

10.2 Fylgiskjal 2 – Öðruvísí dagar í Garðaborg

10.3 Fylgiskjal 3 - Umsögn foreldraráðs

F. h. leikskólans *Garðaborgarskóla*

Erlendur Gunnar Þórhilsson 20/11/2023
Leikskólastjóri Dagsetning





Samband íslenskra
sveitarfélaga

Garðaborg - Leikskóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

Garðaborg

Fylqiskjálfur nr. 1

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAY	JUNI	JULI
1 p Sumarfrí	1 F	1 S	1 M	1 F	1 M	1 Nyföldisdegur	1 F	1 F	1 M Ámarr / Pískum	1 L	1 M
2 M Sumarfrí	2 L	2 M	2 F	2 L	2 p	2 F	2 L	2 p	2 F	2 S	2 b
3 F Sumarfrí	3 S	3 b	3 F	3 S	3 M	3 L	3 S	3 M	3 F	3 M	3 M
4 F Sumarfrí	4 M	4 L	4 M	4 L	4 M	4 F Vassalíðsdegur	4 S	4 M	4 F	4 L	4 F
5 L	5 D	5 F	5 S	5 P	5 F	5 M	5 P	5 F	5 S	5 M	5 F
6 S	6 M	6 F	6 M	6 M	6 L Þrettándinn	6 Dagur leikskóldans	6 M	6 L	6 M	6 F	6 L
7 M Föstudagur vor Almarrígguna	7 F	7 L	7 D	7 F	7 S	7 M Dagur tónleikarskóldans	7 F	7 S	7 D	7 F	7 S
8 D Sumarfrí	8 S	Dagur læsís	8 S	8 M Þorsdagur meðanlegur	8 F	8 M	8 F	8 M	8 M	8 L	8 M
9 M Sumarfrí	9 L	9 M	9 L	9 F	9 L	9 P	9 F	9 L	9 P	9 F Uppstigningardagur	9 S
10 F opnum eltar sumarfrí	10 S	10 P	10 F	10 S	10 M	10 L	10 S	10 M	10 F	10 M	10 M
11 F	11 M	11 L	11 M	11 L	11 F	11 S Dagur fösparíðarhléarmálsins	11 M	11 F	11 L	11 F	11 F
12 L	12 D	12 F	12 S Bleikur dagur	12 S Bleikur dagur	12 F	12 M Bolludagur	12 D	12 F	12 S	12 M	12 F
13 S	13 M	13 F	13 M Bleikur dagur	13 M Bleikur dagur	13 L	13 D Spriegndagur	13 M	13 L	13 M	13 F	13 L
14 M	14 F	14 L	14 P	14 F	14 S	14 M Öskudagur	14 F Dagur stærðfræðimálar	14 S	14 P	14 F	14 S
15 D	15 F	15 S	15 M	15 F Háttíðarmálufr	15 M	15 F	15 F	15 M	15 M	15 M	15 M
16 M	16 L	16 D Dagur bleiðarar nöttrú	16 M	16 F Dagur bleiðarar nöttrú	16 L	16 D Dagur bleiðarar nöttrú	16 M	16 L	16 F Mannatímabundur - ssm. stærðsdegur	16 S	16 B
17 F	17 S	17 D	17 F	17 S	17 M	17 L	17 S	17 M	17 F Lyfveildardagur	17 M	17 M
18 F	18 M	18 L	18 M	18 M	18 F Bændedagur -	18 S Kornvalldagur - upphaf Góða	18 M	18 F	18 L	18 F	18 F
19 L	19 P	19 F	19 S	19 P	19 M	19 F Bændedagur -	19 M	19 F	19 S Hverfisrunnudagur	19 M	19 F
20 S	20 M	20 F	20 M	20 M Dagur manvelditida barna	20 M	20 P	20 M	20 L	20 M Ámarr / Hvitásumur	20 F	20 L
21 M	21 F	21 L	21 P	21 F	21 S	21 M	21 F Misilir sökkar dagur	21 S	21 P	21 F	21 S
22 D	22 F	22 S	22 M	22 F	22 M	22 F	22 F	22 M	22 L	22 M	22 M
23 M	23 L	23 M Bangadagur	23 F Skipulagsdagur - samheimilegur	23 M Bangadagur	23 L	23 M Skipulagsdagur - samheimilegur	23 F	23 L	23 M Barnamenningsmálið	23 F	23 S
24 F	24 S	24 P	24 F	24 S Afangadagur / Ísl.	24 M	24 L	24 S Pálmasmundadagur	24 M	24 M Skipulagsdagur	24 F Íþrótafataðagur	24 M
25 F	25 M	25 L	25 M	25 M Jóladagur	25 F	25 S	25 M	25 F Sumardeginnið fyrst	25 L	25 F Fæðingardeigur fóresta	25 F
26 L	26 D	26 F Evrópski ungumáldagur	26 F Vetrarfrí grunnskóldum	26 S	26 D Vetrarfrí grunnskóldum	26 F Hattadagur	26 M	26 F Skipulagsdagur	26 S	26 M Ísländs (G.Th.)	26 F
27 S	27 M	27 F Skipulagsdagur	27 F Vetrarfrí grunnskóldum	27 M	27 L	27 M	27 L	27 M	27 F	27 L	27 L
28 M	28 F	28 L	28 F Firsti verndadagur	28 P	28 S	28 M	28 F Skriddeigur	28 S	28 F	28 S	28 S
29 P	29 F	29 S	29 F	29 M	29 M	29 F	29 M	29 M	29 L	29 M	29 M
30 M	30 L	30 M	30 F	30 L	30 P	30 L	30 P	30 F Útskrift árg. '18	30 S	30 P	30 M
31 F		31 D Hrekkjavaka		31 S Gamliðsdegur	31 M		31 S Þekkudegur		31 F	31 M	31 M

Fregulum um leikskólabjónumstu segir:
Leikskólar eru lokadír sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Þrír þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfssólk en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heillir. Leikskólagjöld lækkar ekki vegna þessa. Börn sem dvelja í leikskólium Reykjavíkurborðar taka að lágmarki tuttugu virka daga í sumarleyfi. Leikskólastjóri ákvæður, að höfðu samræðið starfsmenn og foreldraráð viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allt sumarið eða lok samfellt í titi til tuttugu

Öðruvísi dagar í Garðaborg 2023 – 2024

Föstudagur 13. október

Bleikur dagur

Mánudagur 23. október

Bangsa og náttfataði



Þriðjudagur 31. október

Hrekkjavökudagur



Miðvikudagur 8. nóvember

Grænn dagur (Baráttudagur gegn einelti)



Föstudagur 1. desember

Þjóðlegur dagur



Föstudagur 13. desember

Jólapeysudagurinn/Rauður dagur



Föstudagur 26. janúar

Hattadagur



Miðvikudagur 14. febrúar

Öskudagur



Fimmtudagur 21. mars

Mislitir sokkar (Alþjóðlegi Downs dagurinn)



Föstudagur 24. maí

Íþróttafatadagur



Starfsáætlun Garðaborgar 2023 – 2024

Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun Garðaborgar fyrir árið 2023-2024 er samþykkt af foreldraráði. Vonandi lýkur framkvæmdum í Garðaborg á áætluðum tíma svo að öll starfsemi leikskólans komist í gott jafnvægi, bæði hvað varðar starfsmannahald og starfsemi foreldraráðs- og félags.

Foreldraráð leikskólans skipa:

Björk Konráðsdóttir

Jóhanna Elíasdóttir